
SAMVINNUNÁMSKRÁ

SAMVINNA KENNARA OG NEMENDA VIÐ UPPBYGGINGU NÁMS



© Skólavéðing

ÞRÓUNARVERKEFNI UNNIÐ VETURINN 2019-2020

STYRKT AF SPROTASJÓÐI MENNTAMÁLARÁÐUNEYTISINS

SAMNINGSNÚMÉR -151-2019-20



ÁBYRGÐARMAÐUR VERKEFNIS: GUÐMUNDUR ÁSMUNDSSON SKÓLASTJÓRI

VERKEFNISSTJÓRI: ERLA GÍGJA GARÐARSDÓTTIR DEILDARSTJÓRI SÉRÚRRÆÐA

MARKMIÐ VERKEFNIS SAMKVÆMT UMSÓKN

- Að gefa nemendum með frávík í hegðun og námi aukið vald til að móta, með aðstoð kennara, sína eigin námskrá með tilliti til þess hvernig þeir sjá að nám sitt og styrkleikar geti valdeflt þá og aukið færni þeirra til framtíðar.
- Að til verði vel útfærð námskrá sem henti fyrir breiðan nemendahóp þar sem nemendur, foreldrar og kennarar koma saman að þeir geta því tekið saman ákvarðanir um næstu skref til skemmri eða lengri tíma með það í huga hver framtíðarsýn nemandans sjálfs er.

LEIÐIR SEM VALDAR VORU TIL AÐ NÁ MARKMIÐI

Ingvar Sigurgeirsson prófessor á Menntavísindasviði kom á fund 27. september og átti hugarflugsfund með verkefnisstjórninni varðandi kennsluhætti, verkefni af ýmsum toga, leiðir til að valdefla nemendur og fleira. Í framhaldi af fundinum var tekin ákvörðun um að gera áhugasvið að sérstakri námsgrein í töflu og skapa nemendum gott rými til að vinna að hugðarefnum á sínu áhugasviði.

Hulda Karen Daniélsdóttir kennsluráðgjafi var fengin til að veita okkur ráðgjöf og gefa okkur mat á framgang verkefnisins. Hulda Karen var með námskeið, 26. febrúar 2020. um samvinnunám og hagnýtar leiðir til að innleiða það og virkja nemendur Öllum sérkennurum Kópavogsskóla var boðið að taka þátt. Hulda Karen bauð okkur að senda inn fyrirspurnir og vera okkur innan handar með ráðgjöf á meðan á verkefninu stóð. Gaf hún teyminu mörg góð ráð varðandi áframhaldandi þróun samvinnunáms ásamt því að þjálfa teymið í kennsluáðferðum samvinnunáms.

Björg Norðfjörð sálfræðingur hjá Kópavogsskóla fundaði reglulega með deildarstjóra sérkennslu og kennurum námsvers yfir veturinn. Fundirnir með Björgu voru ýmist um einstaka nemendur eða nemendur í Námsveri almennt, um framvindu í þroska og námi sem tengist verkefninu með beinum og óbeinum hætti.

Fyrir samráðsfund með foreldrum og nemendum í byrjun október var bréf sent til foreldra þar sem verkefnið var kynnt og þeir beðnir um að ræða áhugasvið barna sinna fyrir fundinn. Í kjölfarið var rætt einstaklingslega við nemendur um áhugasvið þeirra og áætlun gerð með þeim um hvernig þeir ætluðu að vinna að sínum hugaðarefnum. Kennarar gættu þess að hlutverk þeirra væri fyrst og fremst að vera nemendum til aðstoðar en ekki að stýra þeim með beinum hætti til að gefa nemendum kost á að finna sjálfir lausnir á þeim hindrunum sem kynnu að koma upp.

Í samræmi við niðurstöður af fundi með Ingvari, um að hópavinna sem væri í senn skapandi og valdeflandi, unnum við náttúrurfræði á haustönn og samfélagsfræði á vorönn með það í huga. Á haustönn unnu nemendur með fugla og jökla og fengu að talsverðu leyti að nálgast viðfangsefnið eftir áhuga og getu, einnig fengu þeir reglulega að velja með hverjum þeir unnu. Sami háttur var hafður á vorönn í samfélagsfræði. Til að auðga náttúrufræðinámið á haustönn var farið á náttúrusafnið í Perlunni og á Flyover Iceland. Á vorönn var farið í Sorpu og á önnur söfn í samræmi við áhuga nemenda.

Vikulega var skráð niður framvinda hvers nemenda varðandi það áhugasvið sem hann eða hún hafði valið sér og skráningin gerð að hluta til með nemendum til að þróa verkefnið samkvæmt skilgreiningum þess. Það kom fyrir að nemandi vildi skipta af einu áhugasviði yfir í annað og það var engin fyrirstaða ef færð voru góð rök fyrir því enda nemandinn á eigin vegferð með stuðningi kennara.

FRÁVIK MIÐAÐ VIÐ ÁÆTLUN VERKEFNISINS

- Til stóð að María Jónsdóttir félagsráðgjafi og sérfræðingur í kynheilbrigði fatlaðra kæmi með fræðslu fyrir foreldra nemenda Námsvers um kynþroska og kynheilbrigði í byrjun mars. Ætlunin var að leggja stutta könnun fyrir foreldrana í tengslum við þróunarverkefnið um leið. Könnunin átti að gefa okkur innsýn í þátt foreldra í samræmi við markmið verkefnisins en af því gat ekki orðið vegna hinna sérstöku aðstæðna sem upp komu.
- Til stóð að halda námskeið að hausti en af ýmsum ástæðum færðum við það yfir á vorönn. Helsta ástæðan fyrir því var að þá var verkefnið farið að mótast og það þjónaði betur markmiðum þess.

HELSTU HINDRANIR SEM KOMU UPP VIÐ VINNU VERKEFNISINS

Hinar mjög svo óvenjulegu og óvæntu aðstæður sem verkfall Eflingar með Kórónuveirufaraldur í kjölfarið settu verkefnið úr þeim skorðum sem það hafði verið í fram að þeim tíma. Á mótí kemur hins vegar að það krafði kennara um að snjallar lausnir þ.e. að nota snjalltæki í meira mæli í kennslu og gerð námsefnis í samræmi við getu og áhuga nemenda.

HELSTI ÁVINNINGUR AF VINNU VIÐ VERKEFNIÐ, JÁKVÆÐ ATRÍÐIÐ SEM FYLGDU Í KJÖLFAR EÐA SAMHLIÐA VERKEFNINU

Það var greinilegt að sú tilslökun sem gerð var á hefðbundnu skólastarfi yfir í að leyfa nemendum að vinna með sitt áhugasvið veitti nemendum mikla ánægju. Algengt var að nemendur bæðu um að fá að vinna við áhugasviðsverkefnið sitt og var reynt að verða við því eins oft og aðstæður leyfðu. Þeir kennsluhættir sem kennarar þurftu að temja sér, það er að fara með nemendum í stað þess að reyna að toga þá til sín sem gerði það að verkum að kennarar lærðu af nemendum og með þeim sem er í sjálfu sér samvinnunám.

Þær fordæmalaus aðstæður sem upp komu og settu hefðbundnu skólastarfi skorður gerðu það að verkum að kennarar Námsvers nýttu betur hagnýt forrit í kennslu eins og Seesaw. Seesaw er auðvelt í notkun og einstaklega vel til þess fallið að einstaklingsmiða nám og búa til námsefni sem eykur færni nemenda, gerir kennurum auðvelt að meta hæfni úr frá einstaklingsáætlun án þess að skerða aðkomu nemenda sjálfra að því að vinna með sín áhugasvið. Nemendur er líka mjög áhugasamir að vinna með snjalltæki og snjallar lausnir, það eitt gefur tækifæri til samvinnunáms því nemendur eru flestir vel að sér í snjóllum lausnum og þekkja mörg skemmtileg forrit og leiki sem nýta má í námi.

Leyndur styrkur kom fram hjá nemendum, þeir urðu áhugasamari um nám sitt, nutu sín betur og blómstruðu í sínum verkefnum. Nemendur sýndu meiri ábyrgð á náminu og gerðu sér grein fyrir hvaða grunnfærni er gott að hafa. Það skilaði sér einnig í hefðbundnar námsgreinar. Einnig sýndu þau aukið sjálfstæði í vinnu og fengu skýrari sýn á hvert þau vilja stefna í lífinu.

MAT Á VERKEFNINU SAMKVÆMT UMSÓKN (HEFUR VERKEFNIÐ EÐA MUN ÞAÐ Hafa ÁHRIF Á SKÓLASTARFIÐ Í HEILD)

Það er mat okkar sem að verkefninu stóðu að það hafi almennt gengið vel og erum við sammála um að halda áfram að vinna með þá kennsluhætti sem samvinnunámskrárverkefnið hefur gefið af sér og tengja þá inn í allrar námsgreinar Námsvers.

ÁÆTLUN UM KYNNINGU Á AFRAKSTRI VERKEFNISINS OG HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Ef aðstæður í samfélaginu leyfa er áformað að kynna verkefnið á ágústráðstefnu Félags áhugafólks um skólaþróun sem ber yfirskriftina: Skóli án aðgreiningar - menntun fyrir alla.

Verkefnið verður kynnt í Kópavogsskóla og fyrir skólanefnd Kópavogs ef eftir því verður óskað.

ANNAÐ SEM GAGNLEGT ER AÐ UPPLÝSA SPROTASJÓÐ UM

- Mannabreyting í teymi varð á tímabilinu miðað við umsókn, Ásdís Óskarsdóttir kom til starfa að hausti og tók hún fullan þátt í verkefninu frá byrjun, Æsa Skeggjadóttir fór í ótímabundið veikindaleyfi í janúar og kom Guðrún Ingibjörg Hálfánardóttir í hennar stað.
- Verkefnisstjórn ákvað að nýta hluta af sínum launum fyrir vinnu í tengslum við verkefnið í vettvangsferðir með nemendum en til þeirra fékkst ekki styrkur.

SÝNISHORN AF FRAMKVÆMD ÞRÓUNARVERKEFNISINS

Misjafnt er hversu skýr sýn hinna 13 nemenda Námsvers er á framtíðina eins og gerist og gengur. Á meðan sumir byrjuðu að æfa sig fyrir framtíðarnám og starf þá nutu aðrir sín við áhugasvið er snýr að listum eða einstökum greinum.



Það hefur ekki vafist fyrir þessum dreng í 9. bekk að leggja rafvirkjabrautina fyrir sig, hann vann við að taka í sundur raftæki, skrásetja innvolsið, finna teikningar og útskýra virkni tækjanna á formlegri kynningu.



Mig langar að verða betri í stærðfræði sagði stúlka í 9. bekk, innri áhugahvöt og vaxandi trú á eigin getu fleyttu þessum nemanda áfram. Hún fann út hvernig þekking hennar jókst og hafði áhrif á hvaða aðgerðir hún vildi leggja áherslu á í þekkingarleitinni.



Eftir að hafa skoðað byssur þá kviknaði áhugi á rafvirkjanámi hjá dreng í 7. bekk enda með góða fyrirmynd í eldri nemanda með skýra sýn. Þeir unnu svo saman um hríð að verkefninu og miðluðu þekkingu á sín milli. Hann vann úr teikningum og var með formlega kynningu



Myndlistahæfileiki og þekking í myndbandagerð voru hvati að frábærum verkefnum hjá þessari stúlku í 10. bekk. Hún hélt reglulega kynningar yfir veturinn og kynnti sér ný forrit um leið og aðra tæknilega möguleika.




Það mátti vel skipta á milli áhugasviðsverkefna, þessi nemandi var með margar hugmyndir og það var æfing út af fyrir sig að staldra við verkefni. Meðal hugmynda voru að þýða texta yfir á 4 framandi tungumál, teikna myndasögu, teikna upp og saga út teiknimyndafígúru og margt fleira.



Ég ætla að verða dýralæknir, nemandi í 6. bekk með þetta alveg á tæru, hér er hann að læra um dýr og útbúa þekkingarbanka í Book Creator.


Ábyrgðarmaður verkefnis
Guðmundur Ásmundsson


Verkefnisstjóri verkefnis
Erla Gígja Garðarsdóttir